

Gammafundur haldinn mánudaginn 4. febrúar 2019 að Setbergsskóla í Hafnarfirði.

1. Formaður setti fundinn kl. 19:30 og bauð Gammakonur og gesti þeirra velkomna til fundarins. Sérstaklega bauð hún velkomna á fundinn Jónu Benediktsdóttur landssambandsforseta Delta, Kappa, Gamma, en Jóna er félagi í lotadeild. María kveikti að því loknu á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Því næst var nafnakall sem Hildur Sk. framkvæmdi. Mættar voru 26 félagskonur: Árný, Björg, Björk, Bryndís Jóna, Elín, Fríða Bjarney, Gerður, Guðný, Hanna Halldóra, Helga H., Helga Th., Hertha, Hildur S., Hrefna Þ., Ingibjörg Ein., Jóhanna, Kristín B., Kristín J. kennslukona, María, Pálína, Rannveig, Renata, Sigrún, Soffía, Stefanía, Svana. Ásamt þeim voru 14 gestir.
3. Ritari las fundargerð frá fundi 10. janúar, sem var samþykkt samhljóða.
4. Gammakonur höfðu verið hvattar til að bjóða með sér gesti/um á fundinn, sem eru í öðrum deildum DKG á fundinn. Undir þessum lið kynntu gestir sig með nafni, í hvaða deild þeir væru og hvaða Gammakona hefði boðið þeim.
5. Hanna Halldóra var með orð til umhugsunar. Hún sagði frá ráðstefnu sem hún sótti á vegum National Association for the Education of Young Children. Í samtölum hennar við innlenda ráðstefnu gesti sem starfa í leikskólum Bandaríkjunum kom í ljós að þrátt fyrir margvíslegan vanda sem leikskóla umhverfið stendur frammi fyrir hér á landi telur hún að Íslendingar standi framarlega í menntun og aðbúnaði fyrir leikskólabörn. Spurning hvort er farsælla við að tækla vanda með því að horfa bara á þröskuldana eða horfa á það sem vel er gert og byggja á því við að efla og styrkja leikskólaumhverfið. Við höfum val um viðhorf. Hanna endaði á orðunum: börn brosa 400 sinnum á dag, hversu oft hefur þú brosað í dag?
6. Kaffihlé þar sem notið var lystaukandi veitinga í boði Gammakvenna.
7. Aðalerindi kvöldins hélt Gerður G. Óskarsdóttir það bar yfirskriftina *Svipmyndir úr kennslustundum í íslenskum framhaldsskólum: Frumkvæði nemenda og samvinna*. Benti hún á í upphafi máls síns á ráðstefnu sem haldinn verður 8. febrúar á Menntavísindasviði H.Í. þar sem ítarlegar verður farið í rannsóknina: *Starfshættir í framhaldsskólum*. Gerður hefur metið nemendur eftir frumkvæðiskvarða, viðtölum og vettvangslýsingar. Skipti þeim eftir upp í þrjá flokkar (grófflokkun) þrep. Hún lýsti síðan þessum þrepum. Þetta voru 17 nemendahópar sem rannsóknina tók til. Samvinna er einn grundvallapáttur náms í lýðræði og er mikilvægur liður í uppeldi og til lýðræðislegrar þátttöku. Mikill munur var á milli skóla, en hópverkefni virðast gefa meira tækifæri til að vera skapandi en að vera í einstaklingsverkefni. Fjöldi í bekk virtist ekki hafa áhrif á samvinnu né uppröðun á húsögnum, en munurinn var aðalega milli námsgreina, mest var samvinnan í íslensku og erlendum tungumálum. Það var mikill munur á milli skóla hvað varðar samvinnu og frumkvæði. Skipulag á samvinnu var misjafnt yfirleitt 2-4 nemendur saman, en röðun í hópa tilviljanakennd og lítið um formlegt samvinnunám. Viðhorf nemenda til samvinnu var allavega sem dæmi: „mér finnst það eiginlega bara bestu aðstæðurnar, hópavinna“ eða „mér finnst allavega ógeðslega leiðinlegt að vinn í hópvinnu, svona yfirleitt.“ Að lokum fjallaði Gerður um nokkra þætti til umhugsunar um kennsluhætti, en það sem kom t.d. í ljós er að nemendum dettur ekki í hug að þeir fái eða eigi að ráða varðandi kennsluna. Ein megin niðurstaðan er að það virðist gjá milli opinberrar innlendrar og fjölþjóðlegrar stefnumörkunar og þess sem fram fer í skólaflokkum framhaldsskólanna, hvað varðar frumkvæði, sköpun og lýðræðislegt samstarf. Lokaorð Gerðar voru að vonandi gefa niðurstöðurnar tilefni til ígrundunar og umræðu í skólum

um tækifæri nemenda til frumkvæðis/sköpunar og samvinnu (s.s. umfang og skiplulag) innan mismunandi kennsluhátta.

Líflegar umræður urðu síðan út frá erindi Gerðar, mikið spurt og fundarmenn veltu fyrir sér m.a. hve langan tíma tekur að breyta kennsluháttum og lýðræði yrði ekki lært án þess að kenna nemendum það.

8. Jóna Benediktsdóttir forseti landssambands DKG tók til máls eftir kaffihlé og fór yfir helstu málefni Delta, Kappa, Gamma á Íslandi um þessar mundir. Fyrst gerði hún grein fyrir uppruna sínum og sér sem Gammafélagi, en hún var kosin landssambands forseti 2017 og situr til 2019. Telur vega þungt fyrir DKG á Íslandi að Alþjóðaráðstefna DKG sé haldinn hér á landi, en mikilvægasti þátturinn er að sjálfsögðu sá að DKG konur mæti á ráðstefnuna. Við skráningu á ráðstefnuna þarf að nota kenninafn ID og ef það er ekki við hendina þá eru gjaldkerar viðkomandi deilda með það. Hún leggur áherslu á að mynd verði við nafn allra félaga á heimasíðunni og tilkynna á ávallt stjórnskípti til ríkisskattstjóra samkvæmt lögum. Landssambandsþingið verður haldið 4. maí í Kvennaskólanum í Reykjavík, stendur yfir í einn dag og kostar kr 1000 að sitja þingið. Að lokum sagði hún frá námskeiðinu Golden Gift sem hún sótti til Austin Texas. Hvetur alla þá sem hafa löngun til að sækja sér fræðslu á nýjum slóðum að sækja til dæmis um þetta námskeið sem er bæði skemmtilegt, uppbyggjandi og gefur ómetanlegt tækifæri til að kynna DKG konum frá öðrum löndum.
9. Í lok dagskrár var Þorraprællinn sunginn með miklum tilþrifum. Formaður færði Gerði og Jónu rós fyrir þeirra framlag á fundinum. Sleit síðan fundi kl. 22:00 og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Ritari: Hildur Skarphéðinsdóttir